



Reykjavík, 21. sept. 2020  
2020080005  
3.8.9

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14  
105 REYKJAVÍK

***Safamýri á vegum Vikings***

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 24. ágúst 2020 var lagt fram bréf Knattspyrnufélagsins Vikings dags. 28. júlí 2020 um gerð þjónustusamnings við félagið vegna starfsemi á vegum félagsins í Safamýri, um stuðning við félagið vegna aksturs og verkefnisstjóra.

Lagt er til að ósk félagsins um styrk vegna aukins aksturs og fylgdarmanna á milli Safamýrar og í Víkina verði vísað í frístundaaksturspott ÍBR vegna 2020.

Erintið verði að öðru leyti til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar.

  
Omar Einarsson.

Hjálagt:  
Yfirlit um starf á vegum Vikings í Safamýri  
og upplýsingar um akstursfyrirkomulag.



FÉLAGID

ALMENNINGSDEILD

BORDTENNIS

HANDBOLTI

KNATTSPYRNA

KARATE

SKÍÐI

TENNIS

## SAFAMÝRI

Eins og fram  
hefur komið  
í fjölmíðum  
mun



Knattspyrnufélagið Víkingur taka að sér að þjóna núverandi svæði Knattspyrnufélagsins Fram í Safamýri eftir flutning félagsins á nýtt svæði þess í Úlfarsárdal.

Gert er ráð fyrir að Fram hafi alfarið flutt starfsemi sína í Úlfarsárdal haustið 2022. Samkvæmt samkomulagi milli félaganna mun Víkingur taka yfir þjónustu Fram í Safamýri í ákveðnum áföngum fram að þeim tíma.

Knattspyrnufélagið Víkingur var stofnað árið 1908 og hefur lengi verið með öflugustu íþróttafélögum landsins. Meginmarkmið félagsins felast í að reka gott afreksstarf og að vera öflugt hverfisfélag sem þjónar breiðum hópi íbúa. Fyrir þau allra yngstu hefur félagið boðið upp á íþróttaskóla barna og einnig leikskólaverkefnið, Leikum og lærum. Börn sem eru komin af leikskólaaldri geta valið um að taka þátt í starfsemi sjö deilda; borðtennisdeild, handknattleiksdeild, hjóladeild, karatedeild, knattspyrnudeild, skíðadeild og tennisdeild. Áttunda deildin, almenningsíþróttadeild sem hefur verið mjög öflug, þjónar svo eldri iökendum. Loks má nefna að félagið hefur boðið upp á leikfimi fyrir eldri borgara.

Með tengingu núverandi svæðis félagsins við Safamýrarsvæðið mun Víkingshverfið ná yfir allt það borgarhverfi sem samkvæmt hverfisskipulagi borgarinnar nefnist Háaleiti og Bústaðir og markast af Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut, Reykjanesbraut og sveitarfélaginu Kópavogi. Á þessu svæði eru um 15.000 íbúar og fimm skólar, en það eru Álftamýrarskóli, Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli, Réttarholtskóli og Hvassaleitisskóli. Samanlagt eru þessir skólar með um 1700 nemendur. Með því að þjóna stærra svæði er það von félagsins að hægt verði að efla starfsemina enn frekar, auka fagmennsku og bæta þjónustu. Stærra hverfi býður líka upp á meiri samfelli í rekstri og sveiflur í iökendafjölda verða minni.

### Kynningarbréf til foreldra barna í Safamýri

### Upplýsingasíða á Facebook fyrir foreldra í Safamýrarhverfi.

Þessi síða er ætluð til upplýsinga fyrir foreldra/forráðamenn og iökendur.

Hér má ávallt finna nýjustu upplýsingar hverju sinni.

Fótbolti - Æfingar í safammýri hefjast 7. sept.

*7.flokkur karla (2013-2014) Æfingar í Safamýri*

*7.flokkur kvenna (2013-2014) Æfingar í Safamýri*

Boðið verður upp á aksturbjónustu fyrir kvenna flokka í fótbolta á æfingar í Víkinni fyrir iökendur fædd 2012 - 2007

Æfingatöflur og akstursplan má finna hér að neðan.

Skráning er í gegnum vikingur.felog.is mikilvægt að skrá í réttan hóp þegar skráð er í fótboltann (Safamýri)

Handbolti Æfingar í safamýri hefjast. 1. sept.

*8. flokkur karla (2013-2014) Æfingar í Safamýri*

*8. flokkur kvenna (2013-2014) Æfingar í Safamýri*

Boðið er upp á akstursþjónustu úr Hvassaleitisskóla og niður í Safamýri

Æfingatöflur og akstursplan má finna hér að neðan.

Skráning er í gegnum vikingur.felog.is mikilvægt að skrá í réttan hóp þegar skráð er í handboltann (Safamýri)

Æfingatöflur fyrir safamýri

Fótbolti

*Handbolti*

Karate

Akstursplan Víkings Haust 2020 uppfært 24.08.2020

Rútuakstur hefst 25. ágúst.

Staðsetning rútu

Víkin - Víkingsheimilið bílaplan

Safamýri - Íþróttahús

Hvassó - Stóragerði (þar sem skólabílinn stoppar)

Breiðó - Breiðagerði fyrir framan skóla.

Mikilvægt að skoða brottfaratíma vel.

*Knattspyrnufélagið Víkingur notast við Sportabler varðandi æfingar, leiki og varðandi aðrar upplýsingar.*



## Ágæti viðtakandi

Eins og fram hefur komið í fjölmíðum mun Knattspyrnufélagið Víkingur taka að sér að þjóna núverandi svæði Knattspyrnufélagsins Fram í Safamýri eftir flutning félagsins á nýtt svæði þess í Úlfarsárdal. Gert er ráð fyrir að Fram hafi alfarið flutt starfsemi sína í Úlfarsárdal haustið 2022. Samkvæmt samkomulagi milli félagananna mun Víkingur taka yfir þjónustu Fram í Safamýri í ákveðnum áföngum fram að þeim tíma.

Knattspyrnufélagið Víkingur var stofnað árið 1908 og hefur lengi verið með öflugustu íþróttafélögum landsins. Meginmarkmið félagsins felast í að reka gott afreksstarf og að vera öflugt hverfisfélag sem þjónar breiðum hópi íbúa. Fyrir þau allra yngstu hefur félagið boðið upp á íþróttaskóla barna og einnig leikskólaverkefnið, Leikum og lærum. Börn sem eru komin af leikskólaaldri geta valið um að taka þátt í starfsemi sjö deilda; borðtennisdeild, handknattleiksdeild, hjólaardeild, karatedeild, knattspyrnudeild, skíðadeild og tennisdeild. Áttunda deildin, almenningsíþróttadeild sem hefur verið mjög öflug, þjónar svo eldri iðkendum. Loks má nefna að félagið hefur boðið upp á leikfimi fyrir eldri borgara.

Með tengingu núverandi svæðis félagsins við Safamýrarsvæðið mun Víkingshverfið ná yfir allt það borgarhverfi sem samkvæmt hverfisskipulagi borgarinnar nefnist Háaleiti og Bústaðir og markast af Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut, Reykjanesbraut og sveitarfélagini Kópavogi. Á þessu svæði eru um 15.000 íbúar og fimm skólar, en það eru Álftamýrarskóli, Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli, Réttarholtskóli og Hvassaleitisskóli. Samanlagt eru þessir skólar með um 1700 nemendur. Með því að þjóna stærra svæði er það von félagsins að hægt verði að efla starfsemina enn frekar, auka fagmennsku og bæta þjónustu. Stærra hverfi býður líka upp á meiri samfelli í rekstri og sveiflur í iðkendafjölda verða minni.

Til að tryggja að innkoma Víkings inn á Safamýrarsvæðið gangi sem best fyrir sig og að þjónusta við íbúa verði bæði varanleg og vaxandi var vinnuhópur settur á stofn, en hópinn skipa fulltrúar Víkings og Fram, fulltrúi íbúa, Íþróttta og tómstundaráðs og Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Vinnuhópurinn hefur verið mjög virkur og gott samkomulag hefur verið um að hagsmunir íbúa verði settir í fyrsta sæti. Þegar hafa þannig verið stigin markviss skref til að tengja starf Víkings við hverfi Safamýrar sem felast m.a. í eftifarandi:

- [Víkingur hefur tekið að sér umsjón með kvennaknattspyrnu í Safamýri](#)
- [Íþróttaskóli Víkings hefur tekið til starfa í Álftamýrarskóla](#)
- Karatedeild Víkings hefur komið sér fyrir með starfsemi sína í Safamýri.
- Komið var á aksturstengingum við Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla



Hópurinn hefur jafnframt náð samkomulagi um næstu skref sem fela m.a. í sér að frá og með nýju skólaári í haust muni Knattspyrnufélagið Víkingur taka að sér:

- Allar æfingar 7 ára og yngri í handknattleik á núverandi svæði Knattspyrnufélagsins Fram í Safamýri.
- Allar æfingar 7 ára og yngri í knattspyrnu á núverandi svæði Knattspyrnufélagsins Fram í Safamýri.

Lögð hefur verið áhersla á að hjá yngstu aldurshópunum geti þjónustan verið sem mest í nærumhverfinu. Eitthvað verður þó um blandaðar æfingar þar sem iðkendur úr Fossvogi og Safamýri æfa saman og í tilvikum þar sem ekki næst næg þátttaka verður boðið upp akstursþjónustu á milli hverfa.

Þó almennt séu strætó tengingar milli Safamýrar og núverandi svæðis Víkings nokkuð góðar (til dæmis liggur leið 11 í gegnum bæði hverfin) og ekki þurfi að fara yfir stórar umferðargötur til að komast á milli starfsstöðvanna í Fossvogi og Safamýri er í samstarfi við Reykjavíkurborg búið að setja upp aksturskerfi til að tengja svæðin enn betur.

Knattspyrnufélagið Víkingur leggur mikla áherslu á að þær breytingar sem eru framundan séu unnar í sem mestri sátt við þá aðila sem eiga hagsmuna að gæta á Safamýrarsvæðinu og að þær verði til að styrkja og efla lífsgæði allra íbúa hverfisins. Settar hafa verið upp upplýsingasíður um framgang verkefnisins - (linkur) Um miðjan september er svo áætlað að halda fund með íbúum og verður fundartími kynntur síðar.

Með kveðju  
Knattspyrnufélagið Víkingur